




BLAÐIÐ

34. árg. 3. töl.
október 2018



Líf og heilsa



Léttir á verknum

Paratabs 500 mg filmuhúðaðar töflur, innihalda parasetamól sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast verkjalyf. Paratabs er notað gegn vægum til miðlungi miklum verkjum og til að lækka hita. Töfluna skal gleypa með glasi af vatni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

Efnisyfirlit

3

Heilsa í allar stefnur

4

Afmæliskveðja frá
Svandísi Svavarsdóttur
heilbrigðisráðherra

5

Líf og heilsa

12

Sjúklingurinn
í öndvegi

16

Nýjar áskoranir og ný
tækifæri í lýðheilsustarfi

20

Grasrótin drifkraftur
í heilbrigðismálum

SÍBS-blaðið

34. árgangur | 3. tölublað | okt. 2018

ISSN 1670-0031 (prentuð útgáfa)
ISSN 2547-7188 (rafræn útgáfa)

Útgefandi: SÍBS

Síðumúla 6

108 Reykjavík

sibs@sibs.is, www.sibs.is

Ábyrgðarmaður: Guðmundur Löve
gudmundur@sibs.isRitstjóri: Páll Kristinn Pálsson
pallkristinnpalsson@gmail.com

Auglýsingar: Öflun ehf.

Umbrot og prentun: Prentmet ehf.

Upplag: 9.000 eintök



Hlutverk SÍBS er að stuðla að
heilbrigði þjóðarinnar.
SÍBS á og rekur endurhæfingar-
miðstöðina Reykjalund,
öryrkjavinnustaðinn Múlalund,
Heilsumiðstöð SÍBS og Verslun SÍBS,
auk Happraðttis SÍBS.

Heilsa í allar stefnur



Guðmundur Löve
framkvæmdastjóri SÍBS

Langvinnir, ósmittbærir sjúkdómar standa í dag fyrir 9 af hverjum 10 dauðsföllum og 88% af heildarskaða samfélagsins af völdum sjúkdóma og dauða. Þetta er ekki óhjákvæmilegt, því svo dæmi séu tekin má rekja yfir 80% af heilsufarsskaða vegna hjarta- og æðasjúkdóma og um 44% af heilsufarsskaða vegna krabbameina má rekja til áhættuþátta sem unnt er að hafa áhrif á.¹

Sjúkdóma sem grafa um sig yfir langan tíma er áhrifaríkast og ódýrast að stöðva áður en þeir verða svo alvarlegir að þeir valdi varanlegum skaða. Þetta kallast forvarnir. Forvörnum verður hins vegar ekki sinnt gegnum heilbrigðiskerfið eingöngu, því langvinnir sjúkdómar greinast gjarnan ekki fyrr en eftir ár eða áratugi og koma fyrst þá til kasta heilbrigðiskerfisins.

Lykillinn að forvarnastarfi felst í að einstaklingurinn skilji hvað heilsuhegðun er – hann þarf að hafa heilsulæsi. Heilsulæsi felst í getu einstaklingsins til að nálgast, skilja, og hagnýta sér upplýsingar til að stuðla að góðri heilsu.² Heilsulæsi nær út fyrir einstaklinginn og fjölskylduna og á jafnt við um starfsumhverfi, félagslegt umhverfi og þjóðfélagið allt. Allir efnahagslegir, félagslegir og umhverfislegir þættir eru undir, sem þýðir að ábyrgðin á heilsulæsi og heilsuhegðun er ekki aðeins einstaklingsins sjálfs heldur einnig samfélagsins. Grasrótastarf og vitundarvakning á vegum félagasamtaka getur hér gegnt lykilhlutverki.

Hlutverk hins opinbera í forvarnastarfi kristallast í að innleiða „heilsu í allar stefnur“ (e. health in all policies). Mikilvægt er að inn í slíka vinnu rati aðilar utan hins eiginlega heilbrigðiskerfis, svo sem menntakerfið, framhaldsfræðslan, sveitarfélögin, vinnustaðir og frjáls félagasamtök. Samhliða „heilsu í allar stefnur“ er æskilegt að komið verði á formlegu ferli um lýðheilsumat sem taki bæði til aðgerða opinberra aðila og einkaaðila sem líkleg eru til að hafa áhrif á lýðheilsu. Hér má minna á mikilvægi þess að leggja gjald á heilsuspillandi vörur, til dæmis syrgjald, líkt og þegar hefur verið gert með áfengisgjald og tóbaksgjald. Heilbrigðisráðherra hefur tilkynnt að unnið verði að því að leggja fram þingsályktunartillögu um heilbrigðisstefnu á yfirstandandi þingi.³ Vonandi verður sem flest af ofangreindu að finna í þeirri stefnu.

Dæmi um vel heppnað forvarnaverkefni er SÍBS Líf og heilsa, sem brúar bilið frá því einstaklingar byrja að þróa með sér sjúkdóm þar til sjúkdómurinn greinist. SÍBS og samstarfsaðilar fara um landið og bjóða almenningi ókeypis mælingu á blóðþrýstingi, blóðfitu, súrefnismettun og fleiri gildum, auk valfrjálsri þátttöku í könnun um lífnaðarhætti og heilsufar. Verkefnið er unnið í samvinnu við heilbrigðisstofnanir á hverjum stað og hjúkrunarfræðingar heilsugæslunnar sjá um að taka við fólki sem mælist með há gildi. Um 6500 manns hafa þegið slíka mælingu á hringferð um landið á síðustu tveimur árum og vonandi hefur náðst að hefta framgöngu sjúkdóms hjá mörgum þeirra með viðeigandi inngripi í framhaldinu.

Það eru því miður blíkur á lofti varðandi heilbrigði Íslendinga, enda virðist meðalævi okkar vera hætt að lengjast⁴ og jafnvel aðeins spurning um tíma hvenær hún fer að styttest, líkt og gerst hefur á síðustu árum hjá bæði Bretum⁵ og Bandaríkjamönnum.⁶ Við Íslendingar erum þó enn í 6. sæti meðal aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hvað varðar lífslíkur,⁷ en það er hollt að hafa í huga að „við“ í þessu tilfelli merkir fólk fætt kringum 1920 og fram yfir 1930, sem togar meðaltalið upp. Það er óskrifað blað hvernig yngri kynslóðum tekst til þegar röðin kemur að þeim.

1 Institute for Health Metrics and Evaluation (IHME). GBD Compare Data Visualization. Seattle, WA: IHME, University of Washington, 2018. <https://vizhub.healthdata.org/gbd-compare/>

2 Nutbeam, Don. 1998. „Health promotion glossary.“ Health Promotion International, 13 (4): 349-364. doi:10.1093/heapro/13.4.349

3 <https://www.althingi.is/alttext/raeda/148/rad20180226T172757.html>

4 <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/danir-2017/>

5 <https://www.ons.gov.uk/peoplepopulationandcommunity/birthsdeathsandmarriages/lifeexpectancies/bulletins/nationallifetablesunitedkingdom/2015to2017>

6 Kochanek KD, Murphy SL, Xu JQ, Arias E. Mortality in the United States, 2016. NCHS Data Brief, no 293. Hyattsville, MD: National Center for Health Statistics. 2017.

7 OECD (2017). Health at a Glance 2017: OECD Indicators, OECD Publishing, Paris. http://dx.doi.org/10.1787/health_glance-2017-en

Afmæliskveðja frá Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra



Ég sendi SÍBS kærar afmæliskveðjur á þessu merkisári, 80 ára starfsafmæli félagsins. SÍBS hefur mikilvægu hlutverki að gegna við eflingu heilbrigðis og lýðheilsu. Starfsemin, sem upphaflega hafði það markmið að berjast gegn berklasjúkdóminum, er nú mun víðtækari og lýtur meðal annars að forvörnum og langvinnum lífsstílstengdum sjúkdómum.

Forvarnir og fræðsla til sjúklinga eru veigamikill þáttur í heilbrigðisþjónustu. Í starfi mínu sem heilbrigðisráðherra hef ég lagt mikla áherslu á mikilvægi forvarna og lýðheilsustarfs sem lið í eflingu heilbrigðisþjónustu.

Áhersla á endurhæfingu eftir slys og sjúkdóma hefur aukist á síðustu árum og þar gegnir starfsemi félagsins lykilhlutverki. Á Reykjalundi hefur byggst upp mikil reynsla og þekking á þessu sviði sem myndar mikilvægan hlekk í heilbrigðisþjónustunni.

Frjáls félagasamtök líkt og SÍBS gegna veigamiklu hlutverki og starf félagasamtaka er mikilvægt samfélaginu öllu, og fyrir framlag SÍBS í þeim efnum er hér með þakkað. Félögum, stjórn og öllum velunnurum SÍBS sendi ég heillakveðjur í tilefni þessara tímamóta, og óska SÍBS velfarnaðar í starfi framvegis.



Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Líf og heilsa



Guðmundur Löve
framkvæmdastjóri SÍBS

SÍBS Líf og heilsa er forvarna-verkefni um heilbrigði og lífn-aðarhætti þar sem unnið er út frá áhættuþáttum langvinnra, ósmittbærra sjúkdóma. Það er ótvírætt að Líf og heilsa er langstærsta verkefni SÍBS utan heilbrigðisþjónustu, enda hafa yfir 6500 einstaklingar þegið ókeypis mælingu á blóðþrýstingi, blóðfitu, blóðsykri, súrefnismettun og fleiri þáttum, auk skimunar fyrir áhættuþáttum frá því verkefnið hóf göngu sína í október árið 2016.

Saga heilsufarsmælinga SÍBS byrjar þó ekki þar, heldur hófst hún árið 2000 þegar SÍBS slóst í för með Hjarta-heillum í ýmsum ferðum þeirra um landið þar sem kringum 10 þúsund manns þáðu ókeypis mælingu á blóðþrýstingi, blóðfitu, súrefnismettun og púlsi. SÍBS Líf og heilsa byggir því á langri sögu þótt verkefnið hafi þróast hratt undanfarin tvö ár. Hjartaheill er enn lykilsamstarfsaðili SÍBS í verkefniinu, en auk þeirra hafa bæst við Samtök lungnasjúklinga og Samtök sykursjúkra.

Í október árið 2017 urðu þau vatnaskil í sögu Líf og heilsa að SÍBS' hóf að bjóða einstaklingum sem þáðu mælingu að skrá niðurstöður sínar í Heilsugátt SÍBS að veittu upplýstu samþykki, og var vinnslan tilkynnt til Persónuverndar. Frá sama tíma var byrjað að bjóða einstaklingum að taka þátt í könnun um heilsufar og lífnadæðarhætti í beinu framhaldi af heilsufarsmælingunni. Með könnuninni bættist við mælingarnar mat á ýmsum líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum sem máli skipta þegar heilsan er metin, en þannig fæst fyllri mynd af heilsufari heldur en með mælingunum einum.

Með innskráningu gegnum auðkennisþjónustu Þjóðskrár Íslands, island.is, getur hver sá sem tekið hefur þátt í SÍBS Líf og heilsa skoðað niðurstöður sínar í nafnlausum samanburði við aðra sem farið hafa í heilsufarsmælingu hjá SÍBS. Þannig gefst einstaklingnum verðmætt tækifæri til að sjá hvar helst meggi bæta úr. Næstu skref í þróun Heilsugáttarinnar eru að tengja niðurstöðurnar við markvissar leiðbeiningar í öðrum gagnaböndum, svo sem á vef Embættis landlæknis og Heilsgæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, heilsuvera.is.

Nýjasti vaxtarbroddurinn innan SÍBS Líf og heilsa er svo ný námskrá og námsefni fyrir lífsstílsþjálfun á breiðum grunni, sem ætluð er þeim sem vilja bæta lífnadæðarhætti sína. Námskráin hefur hlotið vottun Menntamálastofnunar sem viðurkennt efni í framhaldsfræðslu, auk þess sem SÍBS býður þjálfaranámskeið og vottun fyrir aðila sem vilja bjóða almenningi námskeið og þjálfun á sviði heilbrigðis og lífsstíls. Með slíkri vottun geta þessir aðilar farið með námsefni Líf og heilsa lífsstílsþjálfunar og boðið einstaklingum slíka þjálfun, jafnvel samtvinnað við aðra heilsutengda starfsemi eða námskeið. Tengil á námskrána og námsefni má finna á vef verkefnisins sibs.is/lifogheilsa.

Heilsufarsmælingar SÍBS Líf og heilsa eru oftast framkvæmdar í einum landshluta í senn, þar sem teymi á vegum SÍBS og samstarfsaðila fer um viðkomandi svæði og heim-sækir alla þéttbýliskjarna. Mælingaferðirnar eru skipulagðar í þétu samstarfi við heilsugæsluna og sveitarfélögin, en góð samvinna við þessa aðila er einkar mikilvægt til að verkefnið takist vel. Heilbrigðisstofnanir allra heilbrigðisumdæma hafa nú þegar átt í samstarfi við SÍBS Líf og heilsa og í flestum tilfellum hafa þær lagt verkefninu til húsnæði í heilsugæslustöðvum eða heilsugæsluseljum, auk þess að leggja verkefniinu til hjúkrunarfræðing sem er til staðar meðan á mælingunum stendur og getur tekið við fólki sem mælist með há gildi til frekari skoðunar.

Gott samstarf við heilsugæsluna er verkefninu einkar mikilvægt, því SÍBS Líf og heilsa er ekki heilbrigðisþjónusta heldur jafningjafræðsla og grasrótastarf, sem reidir sig alfarið á þetta samvinnu við opinbera heilbrigðiskerfið. Þá er ótalinn þáttur sveitarfélaganna sem stutt hafa verkefnið með framlögum til Máttarstólpa SÍBS, stuðningshóps fræðslu- og forvarnastarfs hjá SÍBS. Síðast en ekki síst er mikilvægt að eiga gott samstarf við fjölmiðla og aðra fréttamiðla á hverjum stað því jákvætt umtal skapar hópefli og eykur áhuga fólks á að mæta og þiggja ókeypis heilsufarsmælingu og vonandi sinna heilsunni enn betur í framhaldinu.

Fjárhagslegur grundvöllur SÍBS Líf og heilsa felst í aðkomu fjölmargra aðila, og er þá fyrst að telja Máttarstólpa SÍBS sem stutt hafa verkefnið frá upphafi. Þátttaka almenningis og fyrirtækja í Máttarstólpu er því lykilatriði við fjármögnun verkefnisins. Þá hefur Lýðheilsusjóður stutt verkefnið frá árinu 2016, en sjóðurinn er fjármagnaður á fjárlögum og rekinn af Embætti landlæknis. Stuðningur Lýðheilsusjóðs er einnig mikilvæg viðurkenning á gildi verkefnisins fyrir land og þjóð.

Framtíðarþróun SÍBS Líf og heilsa felst í að styrkja og efla núverandi lykilstoðir verkefnisins – heilsufarsmælingarnar, könnun um heilsufar og lífnadæðarhætti, og tengingar við úrræði. Efst á óskalistanum er samningur við ríkið um framkvæmd mælinganna þannig að til komi greiðsla fyrir hvern mældan einstakling, en samningar um skimun og greiningu hafa þegar verið gerðir við aðra aðila.

Hvað rafrænan hluta SÍBS Líf og heilsa varðar – könnun um heilsufar og lífnadæðarhætti, úrvinnslu og úrræðaleit – þá felast gríðarleg tækifæri í aðferðum rafrænnar heilbrigðisþjónustu, ekki síst á sviði forvarna. Langvinnir og lífsstílstengdir sjúkdómar fyrirhitta stóran hluta þjóðarinnar á lífsleiðinni, og rafræn þjónusta er hagkvæm leið til að ná til fjöldsans. Markviss líftímaþjónusta á sviði forvarna byggir á sífældri hringrás athugunar, inngrips og endurgjafar. Efling Heilsugáttar SÍBS er lykilatriði í að tapa ekki sambandi við einstakling sem einu sinni hefur komið í mælingu, heldur halda utan um hann og endurmeta þarfir hans með reglulegu millibili.

SÍBS Líf og heilsa er hannað til að ná utan um sem flest heilsutengd málefni sem varða einstaklinginn, utan hins formlega heilbrigðiskerfis. Núverandi þjónustuframboð Líf og heilsa er aðeins byrjunin, en SÍBS þarf aukinn stuðning til að hrinda þessari sýn í framkvæmd. Þar er lykilatriði að ►



Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings var einn þeirra fjölmörgu sem komu í heilsufarsmælingu SÍBS Lif og heilsa á Norðurlandi Eystra í ágúst 2018. Stefania G. Kristinsdóttir verkefnastjóri Lif og heilsa er með honum á myndinni.

til komi myndarlegur stuðningur frá hinu opinbera, því hver króna sem varið er til lýðheilsamála skilar sér áttfalt til baka til samfélagsins samkvæmt stórrí yfirlitsrannsókn frá 2017 um áhrif lýðheilsuinngripa í þróuðum ríkjum með almennar sjúkratryggingar.²

Mannár og milljarðar

Langvinnir, ósmítbærir sjúkdómar standa í dag fyrir 9 af hverjum 10 dauðsföllum og 88% af heildarskaða samfélagsins af völdum sjúkdóma og dauða, mælt í „glötuðum góðum æviárum“. Yfir 80% af heilsufarskaða vegna hjarta- og æðasjúkdóma og um 44% af heilsufarskaða vegna krabbameina má rekja til áhættuþátta sem unnt er að hafa áhrif á. Það sama á við um stoðkerfisraskanir og geðraskanir, þar sem rekja má 11% og 13% heilsufarskaðans til þekktra áhættuþátta.³

Mælikvarðinn glötuð góð æviár er skilgreindur af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) sem samtala árafjölda sem tapast vegna ótímabærs dauða og ára sem varið er við sjúkdóm eða skerðingu, vigtað eftir alvarleika.⁴ Sá árafjöldi sem þannig tapast Íslendingum vegna heilsuleysis og ótímabærs dauða nam 71.519 mannaár árið 2016, sem margfaldað með kr. 7461 þús. vergri landsframleiðslu á mann sama ár,⁵ sýnir að árlega glati samfélagið 534 milljörðum króna vegna heilsufarskaða. Þetta samsvarar rúmlega 21% af landsframleiðslunni í heild árið 2016 – að ótöldum þeim mannlega harmleik sem þarna liggur að baki.

Þótt auðvitað verði seint hægt að útrýma sjúkdómum og koma í veg fyrir ótímabæran dauða er engu að síður af svo miklu að taka, að jafnvel þótt aðeins tækist að minnka heilsufarskaðann um 1% samsvarar það yfir 5 milljörðum króna mælt í vergri landsframleiðslu. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2019 nema bein framlög ríkisins til forvarna á sviði lýðheilsu utan heilsugæslu hins vegar aðeins 326 milljónum króna til Krabbameinsfélags Íslands og 253 milljónum til Lýðheilsusjóðs, auk þess sem telja má velferðarstyrki á sviði heilbrigðismála með sínar 79 milljónir að nokkru leyti til

forvarna á sviði lýðheilsu utan heilsugæslu. Á sama tíma er yfir 230 milljörðum varið í rekstur heilbrigðiskerfisins í heild⁶ – næstum alfarið í viðbrögð þegar skaðinn er skeður.

Loks ber að nefna að Íslendingar verja lægra hlutfalli landsframleiðslu í heilbrigðisþjónustu en meðaltal ríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), eða 8,6% árið 2016. Af Vestur-Evrópuþjóðum verja einungis Grikkir og Írar minna til heilbrigðisþjónustu en Íslendingar, og aðrar Norðurlandþjóðir nota á bilinu 8–28% hærra hlutfall landsframleiðslu sinni í þennan málaflokk en við.⁷

Við þetta verður ekki unað til lengdar, enda virðist meðalævi Íslendinga vera hætt að lengjast⁸ og jafnvel aðeins spurning um tíma hvenær hún fer að styttest, líkt og gerst hefur á síðustu árum hjá bæði Bretum⁹ og Bandaríkjamönnum.¹⁰ Við Íslendingar erum þó enn í 6. sæti hvað varðar lífslíkur¹¹, en það er hollt að hafa það í huga að „við“ í þessu tilfelli er fólk fætt kringum 1920 og fram yfir 1930, sem togar meðaltalið upp. Það er óskrifað blað hvernig yngri kynslóðum tekst til þegar röðin kemur að þeim.

Nánar um SÍBS Lif og heilsa

Ferlið við framkvæmd SÍBS Lif og heilsa felst í fjórum meginþáttum:

- 0 Vitundarvakning
- 1 Skimun
- 2 Inngrip
- 3 Endurgjöf

Fyrsti þátturinn fær númerið núll vegna þess að vitundarvakning um heilsuhegðun og hvers vegna hún skiptir máli þarf sífellt að vera í gangi, hvort sem unnið er við aðra þætti eða ekki þá stundina. Þættir 1, 2 og 3 fara síðan í hringi, þannig að hægt sé að fylgja einstaklingnum eftir gegnum ævina og ýta honum hægt og rólega í átt til betri heilsu. ►

Reykjavík

A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
 Adalverkstæðið ehf, Malarhöfða 2
 Adalvík ehf, Síðumúla 13
 AH Flutningar, sendibílar, Hamravík 32
 Analytica ehf, Síðumúla 14
 ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9
 Arkis arkitektar ehf, Kleppsvægi 152
 Auglýsingastofan ENNEMM, Skeifunni 10
 Álnabær ehf, verslun, Síðumúla 32
 Árbæjarapótek ehf, Hraunbæsi 115
 ÁTVR Vinbúðir, Stúðlahálsi 2
 Barnatannlæknastofan ehf, Faxafeni 11
 BG heildverslun ehf, Sundaborg 3-5
 BG pipulagnir ehf, Fjarðarási 11
 Bilamálun Sigursveins Sigurdssonar, Hyrjarhöfða 4
 Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf, Skútuvogi 12h
 Bílasala Guðfinns ehf, Stórhöfða 15
 Bílasmíðunin hf, Bildshöfða 16
 Bjarnar ehf, Borgartúni 30
 Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
 Blikksmíðjan Glófaxi hf, Ármúla 42
 Boozt bar, Súðavogi 7
 Borgar Apótek, Borgartúni 28
 Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15
 Borgarhjóli ehf, Hverfisgötu 50
 Bókabúðin Sjónarlind, Bergstaðastræti 7
 Bókautgáfan Hólar ehf, Hagaseli 14
 Bókhaldsstofa Haraldr sif, Síðumúla 29
 Bókhaldsþjónustan Vík, Síðumúla 12
 Bólstrarinn ehf, Langholtsvegi 82
 Brim hf, Fiskislóð 14
 Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900, Höfðabakka 9
 Danica sjávarfurdur ehf, Suðurgötu 10
 Dokkan, þekkingar- og tengslanet, www.dokkan.is
 E.T. hf, Klettagördum 11
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1
 Eimskip Ísland ehf, Kornögörðum 2
 Endurskoðun og reikningshald ehf, Suðurlandsbraut 22
 Endurskoðun og reikningskil hf, Stangarhól 5
 Ernst & Young ehf, Borgartúni 30
 Expert ehf, Draghálsi 18-26
 Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Skúlagötu 19
 Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Suðurlandsbraut 22
 Félag Sjúkrabjálfa, Borgartúni 6
 Félag skipstjórnarmanna, Grensásvegi 13
 Finka ehf, málningarverktakar, Norðurási 6
 Fjárhald ehf
 Fjóður ehf, Þvottahús, Ármúla 44
 Fjöleignir ehf, Tryggvagötu 11
 Fófóval ehf, Skipholti 50b
 G.Á. verktakar sf, Austurfold 7
 G.K. trésmíði ehf, Vættaborgum 21
 Gardasteinn ehf, Stóragerði 4
 Gilbert úrsmíður, www.jswatch.com, Laugavegi 62
 Grafía stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, Stórhöfða 31

Guðmundur Arason ehf, smíðajárn, Skútuvogi 4
 Gullkistan skrautgripaverslun, www.thjodbuningasilfur.is, Frakkastíg 10
 Gullsmíðunin í Mjódd, Álfabakka 14b
 Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf, Gylflöt 3
 Gyllti kötturinn ehf, Austurstræti 8
 Hagi ehf-Hilti, Stórhöfða 37
 Hársnyrtistofan Aida, Blönduhlíð 35
 Hársnyrtistofan Arnarbakka ehf, Arnarbakka 2
 Heimahúsið ehf, húsgagnaverslun, Ármúla 8
 Helgason og Co ehf, Gylflöt 24-30
 Henson sports, Brautarholti 24
 Heyrnar og talmæinastöð Íslands HGK ehf, Laugavegi 13
 Hið íslenska reðasafn ehf, Laugavegi 116
 Hitastýring hf, Ármúla 16
 Hjá Dóra ehf, matsala, Þönglabakka 1
 Hjá Guðjóni ehf, Þverholti 13
 Hjólábúðin Markið, Ármúla 49
 Hjólastillingar ehf, Hamarshöfða 3
 Hjúkrunarheimilið Skjól, Kleppsvægi 64
 Hótel Leifur Eiríksson ehf, Skólavörðustíg 45
 Hótel Óðinsvæ, Þórsstötu 1
 Hótel Örkin, sjómannaheimili, Brautarholti 29
 Hreinsitækni ehf, Stórhöfða 37
 Húsalagnir ehf, Gylflöt 20
 Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
 Icelandic Fish & Chips ehf, veitingastaður, Tryggvagötu 11, Hafnarholi
 IG Ferðir ehf, Dugguvogi 10
 Innnes ehf, Fossaleyni 21
 Íslandsstofa, Sundagördum 2
 Ísloft blikk- og stálsmíða ehf, Bildshöfða 12
 Ísmar ehf, Síðumúla 28
 Ísold ehf, Nethyl 3
 Ís-spor ehf, Síðumúla 17
 Íþróttasamband fatlaðra, Engjavegi 6
 Jón Bergsson ehf, Kletthálsi 15
 Jónatansson & Co lögfræðistofa ehf, Suðurlandsbraut 6
 Kári Arnórsson ehf, byggingarverktaki
 Kjarninn miðlar ehf, Laugavegi 3
 Kone ehf, Lynghálsi 5
 Kólus ehf, Tunguhálsi 5
 Kramhúsið ehf, Skólavörðustíg 12
 Kringlukráin, Kringlunni 4-6
 Kvika banki hf, Borgartúni 25
 Lagastöð lögfræðisþjónusta ehf, Lágúla 7
 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
 Landsnet hf-www.landsnet.is, Gylflöt 9
 Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89
 Lashúsið ehf, Bildshöfða 16
 Listvinahúsið, leirkerasmiði, Skólavörðustíg 43
 LMB Mandat lögmannsstofa, Bergþórugötu 55
 Loftleidir, Reykjavíkflugvelli
 LOG lögmannsstofa sf, Kringlunni 7
 Lyfjaver ehf, Suðurlandsbraut 22
 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Hverfisgötu 115
 Löndun ehf, Kjalarvogi 21
 Malbik og völtun ehf, Hrísríma 33
 Marco Polo, Kringlunni 4-12



Ryksugur

Fyrir heimilið og vinnustaðinn

CV 38/2
Ryksuga með burstu
1150 wött
5,5 ltr. tankur

T 7/1
1200 wött
7 ltr. tankur
Gólfhaus

T 12/1
1300 wött
12 ltr. tankur
Sérlega hjóllát
Margir fylgihlutir
Gólfhaus

T 10/1
1250 wött
10 ltr. tankur
Margir fylgihlutir
Gólfhaus

CV 48/2
Ryksuga með burstu
1200 wött
5,5 ltr. tankur

Margir aukahlutir
fáanlegir


RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ

Margt smátt ehf, Guðrðarstíg 6-8
 Marport ehf, Fossaleyni 16
 Matthías ehf, Vesturfold 40
 MD vélar ehf-www.mdvelar.is, Vagnhöfða 12
 MS Armann skipamiðlun ehf, Tryggvagötu 17
 Myconceptstore, Laugavegi 45
 Nasdaq verðbréfamiðstöð hf, Laugavegi 182
 Neshamar ehf, Gufunesvegi 1
 Nostra ræstingar ehf, Sundaborg II-13
 Núi-Sírius hf, Hesthálsi 2-4
 Núi ökskúlinn ehf, Klettagördum 11
 Nýtt Skil slf, Borgartúni 24
 Orka ehf, Stórhöfða 37
 Ó. Johnson & Kaaber ehf, Tunguhálsi 1
 Ósal ehf, Tangarhöfða 4
 Pétur Stefánsson ehf, Vatnsstíg 22
 Pizza King ehf, Skipholti 70
 PK dM Arkitektar ehf, Brautarholti 4
 Pottþétt ehf, Bárugötu 2
 Pósturinn, Stórhöfða 29
 Rafval sf, Skógarseli 33
 Rarik ehf, Dvergshöfða 2
 Ratsjá ehf, Laugavegi 26
 Reebok Fitness
 Reki ehf, Höfðabakka 9
 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu
 Reykjavíkúrprófasteðmið ehf, Þönglabakka 5
 Réttur - ráðgjöf & málflytningur, Klappastíg 25-27

Rikki Chan ehf,
 Kringlunni 4-12 og Smáratorgi I
 Rima Apótek, Langaríma 21-23
 Salatbarinn Buffet Restaurant, Faxafeni 9
 Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF, Nethyl 2e
 Segull ehf, Hólmastöð 6
 SHV pipulagnisþjónusta ehf, Funafold 54
 Sigurður I. Halldórsson hdl, Síðumúla 13
 Sjúkrabjálfun Styrkur ehf, Höfðabakka 9
 Skeifjar hf, Laugavegi 182
 Skerping Veigars, Geithömrúm 3
 Skjólverk ehf, Deildarási 20
 Skorri ehf, Bildshöfða 12
 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
 SM kvótaping ehf, Tryggvagötu 11
 Smíðisþjónustan ehf, Hyrjarhöfða 6
 Stjá, sjúkrabjálfun, Hátúni 12
 Stjórnuveg hf, Vallá Kjalarnesi
 Stólpi Gámar, Klettagördum 5
 Styra ehf, Depluhólum 5
 Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
 Söluturninn Vikivaki, Laugavegi 5
 Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar, Þönglabakka 8
 Tannlæknastofan Mörkin 6 sf, Mörkinni 6
 Tannval Kristínar Gígu, Grensásvegi 13
 TBG ehf, Grensásvegi 7
 TEG endurskoðun ehf, Grensásvegi 16
 Terra Export ehf, Nethyl 2b

Glötuð góð æviár Íslendinga (2016)



Glötuð góð æviár eru samtala árafjöldi sem glatast vegna ótímabærs dauða og ára sem varið er við sjúkdóm eða skerðingu, vigtað eftir alvarleika skerðingarinnar. Langstærsti hluti glataðra góðra æviára Íslendinga orsakast af langvinnum, ósmittabærum en lífsstílstengdum sjúkdómum.³

Vitundarvakning

Til að vitundarvakning um heilsuhegðun hafi áhrif, þarf einstaklingurinn að skilja um hvað málið snýst. Hann þarf að hafa „heilsulæsi“. Heilsulæsi felst í grófum dráttum í getu einstaklingsins til að nálgast, skilja, og hagnýta sér upplýsingar til að stuðla að góðri heilsu.¹² Í hugtakinu felst meira en að geta lesið bækling, bókað tíma hjá heilbrigðisstarfsmanni, skilja innihaldslýsingar eða fara eftir leiðbeiningum: Heilsulæsi nær út fyrir einstaklinginn og fjölskylduna og á jafnt við um starfsumhverfi, félagslegt umhverfi og þjóðfélagið allt. Allir efnahagslegir, félagslegir og umhverfislegir þættir eru undir, sem þýðir að ábyrgðin á heilsulæsi og heilsuhegðun er ekki aðeins einstaklingsins sjálfs heldur einnig samfélagsins.

SÍBS vinnur að almennri vitundarvakningu um heilbrigði með öllum tiltækum ráðum. Stöðug vinna á sér stað gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla þar sem heilsutengdum upplýsingum er komið á framfæri – og ekki síður upplýsingum um hvað heilsuhegðun er og hvers vegna heilsutengdar upplýsingar skipta máli.

Ábyrgð einstaklingsins felst í að skilja og vera meðvitaður um hvað hefur góð áhrif á líkamlega, andlega og félagslega heilsu. Sá sem er læs á eigið heilbrigði veit hvað hefur góð áhrif á heilsuna og getur lesið í ýmislegt sem á vegi hans verður og greint á milli þess sem er hollt og hins sem raskar ró hans líkamlega eða andlega. Heilsulæsi byggist þannig á því að skilja, ráða við og sjá tilganginn með hlutunum og hvernig þeir tengjast velliðan. Með því að horfa á atburði hversdagslífsins með gleraugum heilbrigðisins höfum við skarpari sýn á leiðirnar til heilbrigðis.¹³

Ábyrgð fyrirtækja og félagasamtaka felst ekki síst í að styðja undir heilsuhegðun einstaklinga með ýmsu móti, sama hvort það er að hafa læsta hjólageymslu á vinnustaðnum, setja yfirbyggð kerruskýli við leikskólana, leggja göngustíga, fjarlægja sælgætissjálfsala úr íþróttamiðstöðvum og hætta að nefna íþróttamót eftir gosi og skyndibitum. Þarna er mikið verk óunnið og erfitt fyrir einn aðila utan stjórnkerfisins

að ætla sér að hafa áhrif á þetta allt heldur þarf pólitíska stefnumótun til.

Ábyrgð stjórnvalda kristallast í að efla stöðu forvarna innan sem utan heilbrigðiskerfisins. Ákjósanleg leið hlýtur að vera að gera lýðheilsu að föstum hluta stjórnsýslunnar almennt. Góð aðferð til þess er að koma á formlegu ferli um lýðheilsumat, sem er í raun þegar skilgreint í lögum um mat á umhverfisáhrifum¹⁴ þar sem hugtakið umhverfi innifelur samfélag, heilbrigði og atvinnu engu síður en landslag og lífríki.

Í Lýðheilsustefnu velferðarráðuneytisins frá 2016 kemur fram að Embætti landlæknis muni þróa og staðfæra lýðheilsumat fyrir Ísland um ferli til að leggja mat á bein og óbein áhrif stjórnsýsluákvæðana og lagasetningar á lýðheilsu.¹⁵ Reyndar er brýnt að slík kvöð um lýðheilsumat nái út fyrir stjórnsýsluna og löggjafann, og taki einnig til meiri háttar aðgerða lögaðila og einstaklinga sem líkleg eru til að hafa áhrif á lýðheilsu – rétt eins og umhverfismat sem nú er orðið hefðbundið og flestir taka sem sjálfsögðum hlut. Lýðheilsumat má jafnvel fella undir og gera hluta af umhverfismati og samnýta þannig þau ferli og stofnanir sem fyrir eru.


Loks felst mikilvægur hluti vitundarvakningar SÍBS í að gera heilbrigðisyfirvöldum og stjórnvöldum ljóst hver áhrif verkefnisins Líf og heilsa eru. Þetta má gera gegnum hefðbundna skýrslugjöf og fundi, en hluti af framtíðarþróun Heilsugáttar SÍBS felst í þróun á lifandi gagnagátt sem mun geta gefið lifandi sýn á undirliggjandi, ópersónugreinanlegar upplýsingar. Þannig mun verða hægt að skoða stöðu þjóðar svart á hvítu og draga ályktanir og velja heilsuefingarverkefni í framhaldi af því. Núverandi samstarf við heilbrigðisstofnanir og sveitarfélög, sem þegar hefur verið lýst, er byrjunin á þessu ferli.

Skimun

Heilsufarsmæling SÍBS Líf og heilsa felst í að almenningi er boðin ókeypis mæling á blóðþrýstingi, púlsi, blóðfitu (heildar-kólesteróli), blóðsykri (glúkósa), súrefnismettun (SpO2), mittismáli og gripstyrk, auk þess sem spurt er um aldur og kyn,

Hér eru niðurstöður úr þeim heilsufarsmælingum SÍBS sem þú hefur tekið þátt í.

Niðurstöður



Heilsugátt SÍBS er aðgengileg gegnum auðkennisþjónustu Þjóðskrár Íslands, island.is. Í heilsugáttinni getur hver sá sem látið hefur skrá upplýsingar sínar í Heilsugátt SÍBS skoðað niðurstöðurnar í nafnlausum samanburði við aðra sem farið hafa í heilsufarsmælingu SÍBS Líf og heilsa og sjá hvar helst má bæta úr.¹

hæð og þyngd, lyfjanotkun og fleiri þætti. Einnig er í boði mæling á hámarksfráblæstri (PEF) fyrir þá sem ástæða þykir til.

Frá október 2017 hefur verið valfrjálst og háð undirrituðu, upplýstu samþykki, að láta skrá niðurstöður mælinganna rafrænt undir kennitölu í Heilsugátt SÍBS, og hefur þessi vinnsla verið tilkynnt til Persónuverndar. Einnig er í boði að skrá upplýsingarnar rafrænt á ópersónugreinanlegan hátt, og að sjálfsögðu er einnig í boði að skrá engar upplýsingar rafrænt heldur einungis á blað sem viðkomandi tekur með sér.

Með innskráningu gegnum auðkennisþjónustu Þjóðskrár Íslands, island.is, getur hver sá sem látið hefur skrá upplýsingar sínar í Heilsugátt SÍBS skoðað niðurstöðurnar í nafnlausum samanburði við aðra sem farið hafa í heilsufarsmælingu SÍBS Líf og heilsa og sjá hvar helst má bæta úr. Líkt og áður segir eru næstu skref í þróun Heilsugáttarinnar að tengja niðurstöðurnar við markvissar leiðbeiningar í öðrum gagnaböndum, svo sem á vef Embætti landlæknis og Heilsgæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, heilsuvera.is.

Eðli málsins samkvæmt er hentugast að framkvæma heilsufarsmælingar Líf og heilsa á einu landsvæði í einu, og heimsækja þá eins marga þéttbýlisstaði og unnt er í hverri ferð. Slíkar heimsóknir eru undirbúnar vandlega og kynntar í fjölmiðlum á staðnum, fréttasíðum sveitarfélaga, samfélagsmiðlum og með dreifibréfi sem fer í hvert hús. Árangurinn lætur heldur ekki á sér standa, og í smærri byggðarlögum

mætir um helmingur fullorðinna íbúa í mælingu en í meðalstórum byggðarlögum kringum tíundi hluti.

Góð samvinna við heilsugæsluna og sveitarfélögin er einkar mikilvæg, og hafa heilbrigðisstofnanir allra heilbrigðisumdæma átt í samstarfi við SÍBS Líf og heilsa. Í flestum tilfellum hafa þær lagt verkefninu til húsnæði í heilsugæslustöðvum eða heilsugæsluseljum, auk þess að leggja verkefninu til hjúkrunarfræðing sem er til staðar meðan á mælingunum stendur og getur tekið við fólki sem mælist með há gildi til frekari skoðunar.

Stór hluti þeirra sem mæta í mælingu eru hvorki undir eftirliti læknis né þekkja gildin sín, en lýsandi tölfræði um niðurstöður er ekki hluti af þessari grein og verður því ekki tíunduð frekar. Dæmigerð útkoma er þó að einn af hverjum fimm sem skimaðir eru þurfi frekari skoðunar við, og því miður reynast áhyggjurnar oftast á rökum reistar þegar einstaklingar hafa síðan verið endurmetnir af heilbrigðisstarfsmönnum.

Auk framangreindra mælinga á blóðgildum og fleiri þáttum, býðst þátttakendum í skimuninni að svara könnun um heilsufar og lífnaðarhætti. Niðurstöðurnar úr könnuninni má sjá ásamt niðurstöðum mælinganna í Heilsugátt SÍBS, í nafnlausum samanburði við alla aðra sem komið hefur í mælingu til SÍBS, sem og við eigin aldurshóp og kyn. Notast er við spurningalistann HAL-100 sem var settur saman árin 2016–2018 af Guðmundi Löve undir höfundarrétti þar sem það á við.¹⁶ HAL-100 byggir á stigveldis-

skipulagi (e. hierarchical structure) þar sem auk mælinganna er spurt um heilsutengda þætti, líkamlega, andlega og félagslega þætti, bakgrunn, starfstengda og samfélagslega þætti.

Helstu fyrirmyndir að framsetningu, flokkaskiptingum og spurningum HAL-100 eru eftirfarandi: International Classification of Functioning, Disability and Health (ICF),¹⁷ World Health Organisation; International Classification of Diseases (ICD),¹⁸ World Health Organisation; National Health and Nutrition Examination Survey (NHANES),¹⁹ Centers for Disease Control and Prevention; European Social Survey (ESS),²⁰ ESS-ERIC <http://www.who.int/classifications/icf/en/> (European Research Infrastructure Consortium); General Social Survey (GSS),²¹ National Opinion Research Center (NORC), University of Chicago; Medical Outcomes Study (MOS),²² RAND Health, RAND Corporation; NHS OneYou, How Are You Quiz,²³ Public Health England; Nordic Monitoring System,²⁴ Nordic Council of Ministers, Nordic Council of Ministers Secretariat; European Health Interview Survey (EHIS),²⁵ Eurostat; Heilsa og líðan Íslendinga,²⁶ Embætti landlæknis.

Stuðst er við staðlaða kvarða til skimunar fyrir áfengisvanda (AUDIT-C²⁷), kvíða (GAD-7) og þunglyndi (PHQ-9²⁸), streitu (PSS-10²⁹), lífsánægju (SWLS-5³⁰) og einmanaleika (ULS-8³¹). Spurt er um starfstengda þætti í samræmi við QPS Nordic 34+³² að hluta eða í heild, auk þess sem bakgrunnsbreytur fylgja að mestu spurningum úr rannsókninni Heilsa og líðan Íslendinga frá Embætti landlæknis. Spurningar um ►

upplifaða heilsu, greiningar, einkenni, verki, fjölskyldusögu, lyfjanotkun og almenna virkni fylgja einnig að svo miklu leyti sem verða má fyrirmynd Heilsa og líðan. Þá fylgja spurningar um hreyfingu, mataræði, hreinlæti, tóbaksnotkun og svefn Heilsa og líðan að nokkru leyti, þótt þessar spurningar hafi þar tekið nokkrum breytingum milli útgáfa.

Inngrip

SÍBS Líf og heilsa er samsafn lýðheilsuáðgerða og því er mikilvægt að sinna þátttakendum áfram þegar vitundarvakningu, skimun og niðurstöðum sleppir. Heilsugátt SÍBS er kjörð tæki til þess að fylgja þessum hópum eftir inn í framtíðina með aðferðum rafrænnar heilbrigðisþjónustu.

Heilsugátt SÍBS birtir nú þegar samantekið skor á mörgum sviðum sem gerir einstaklingnum kleift að meta stöðu sína, allt frá andlegum þáttum yfir í mataræði og hreyfingu. Sumir þessir þættir eru mældir samkvæmt alþjóðlegum kvörðum, svo sem áfengisnotkun, kvíði, þunglyndi, streita, lífsánægja og einmana-leiki sem greint er frá hér að framan. Notkun slíkra kvarða gerir niðurstöður SÍBS Líf og heilsa einnig samanburðarhæfar við rannsóknir sem notast hafa við þessa kvarða.

Til viðbótar við hina stöðluðu kvarða hafa verið útbúnir breytilegir, einvíðir kvarðar fyrir hreyfingu og mataræði sem byggja á þáttgreiningu ópersónugreinanlegra svara við undir- liggjandi spurningum. Öfugt við stöðluðu kvarðana eru slíkir kvarðar breytingum háðir eftir því sem frekari gögn safnast, spurningarnar breytast eða aðferðir þáttgreiningarinnar breyt- ast. Þessir breytilegu kvarðar hafa þann kost að gefa sjálfkrafa innbyrðis samanburðarhæft viðmið af matar- eða hreyfivenjum

einstaklingins miðað við þann hóp sem svarað hefur undir- liggjandi spurningum. Þannig getur Heilsugáttin staðsett einstaklinginn í þessum viðmiðunarahópi og gefið honum a.m.k. hlutfallslega mynd af stöðu sinni miðað við hópinn. Seinna má svo þróa staðlaða kvarða upp úr þessum gögnum.

Næstu skref í framþróun Heilsugáttarinnar eru að tengja einstaklingsbundnar niðurstöður við markvissar leiðbeiningar fengnar úr öðrum gagnaböndum, svo sem heilsuvera.is. Þannig má sjá fyrir sér að einstaklingurinn geti til dæmis fengið út úr Heilsugáttinni helstu þrjú atriðin sem hann eða hún þyrfti að fást við til að bæta heilsuna, og fá jafnframt leiðbeiningar um hvað hægt sé að gera með gögnum frá heilsuvera.is. Margir fleiri möguleikar eru í boði en þetta er næsta skref í framþróun gáttarinnar eins og stendur.

Annað mikilvægt inngrip er SÍBS Líf og heilsa lífsstílsþjálf- un, sem tæpt var á í inngangi greinarinnar. Lífsstílsþjálfun- in byggir á hinu bandaríska National Diabetes Prevention Program (NDPP)³³ sem stýrt er af Smitsjúkdóma- og forvarnarstofnun Bandaríkjanna (CDC).³⁴ Námsfni og kennsluleiðbeiningar hafa verið þýddar og aðlagðar að ráð- leggingum Embættis landlæknis um mataræði og hreyfingu. Við aðlögun var einnig horft til annarra langvinnra sjúkdóma svo sem hjarta- og æðasjúkdóma auk þess sem þjálfunin getur dregið úr einkennum kvíða- og þunglyndis.

Lífsstílsþjálfunin er hóppjálfun sem byggir á vikri þátttöku samhliða fræðslu. Lífsstílsþjálfun nær yfir 12 mánuði, grunn- þjálfunin er 16 skipti í hóppjálfun og eftirfylgni er 10 skipti. Gert er ráð fyrir vikulegri þjálfun til að byrja með og á 2–4 vikna fresti í kjölfarið.



TENA

RV.is

Fagleg og persónuleg þjónusta

Við leiðbeinum skjólstæðingum SÍ, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitum ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.

	3-4 d 0-0.5 d	3-4 d 0.5-1 d	3-4 d 1-1.5 d	3-4 d 1.5-2 d	3-4 d 2-4 d	3-4 d 4-8 d	3-4 d 5-11 d	3-4 d 9-14 d
TENA Men								
TENA Lady								
TENA Pants								
TENA Flex								
TENA Care								
TENA S								

Hafðu samband og við sendum þér TENA bæklinginn.

Rekstrarvörur

- fyrir þig og þinn vinnustað

Réttarhálsí 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is



Námskráin „Líf og heilsa lífsstílsþjálfun“ var vottuð sem námsskrá í framhaldsfræðslu af Menntamálastofnun í maí 2018.³⁵ Námskráin var unnin í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Austurbrú. Aðilar sem vilja bjóða hópþjálfun byggða á SÍBS Líf og heilsa lífsstílsþjálfun þurfa að hafa lokið leiðbeinendabjálfun hjá SÍBS. Tengil á námskrána má finna á vef verkefnisins sibs.is/lifogheilsa.

SÍBS Líf og heilsa fékk nýverið veglegan styrk frá Erasmus+ til að yfirfæra og framkvæma aðferðir verkefnisins og lífsstílsþjálfunarinnar í Noregi og á Ítalíu.³⁶ Ef vel tekst til verða því fyrstu skrefin í innleiðingu aðferðafræði SÍBS Líf og heilsa utan landsteinanna stigin árin 2019 og 2020.

Endurgjöf

SÍBS Líf og heilsa í núverandi mynd er rétt að slíta barnsskónum og fyrstu einstaklingarnir sem þegið hafa heilsufarsmælingu og tekið þátt í spurningakönnun um heilbrigði og lífnaðarhætti fara senn að koma í mælingu á ný þegar verkefnamíð verður aftur á ferðinni í viðkomandi byggðarlagi.

Heilsugátt SÍBS styður nú þegar langsniðssamanburð (samanburð yfir tíma), svo einstaklingar geta séð niðurstöður sínar breytast milli ára ef þeir koma aftur í mælingu síðar. Einnig breytist auðvitað hlutfallsleg staðsetning einstaklinga í samanburði við heildina eða viðmiðunarhópa eftir því sem fleiri taka þátt og samsetning hópanna breytist.

Heilsugátt SÍBS býður einnig þann möguleika að haft sé samband við einstaklinga sem veitt hafa til þess heimild, og gera þeim viðvart um að heilsufarsmæling sé á ný í boði þar sem viðkomandi býr, eða til að hvetja einstaklinginn til að fara á ný inn í könnunarhlutann og svara sjálf/ur öðrum þáttum en mælingunum. Hvort tveggja á eftir að skoða betur eftir því sem fram vindur. Einnig má hugsa sér aðrar tegundir af endurgjöf frá Heilsugáttinni, til dæmis að láta þátttakendur vita þegar tölfræði undirliggjandi þýðis þeirra sem tekið hafa þátt í SÍBS Líf og heilsa breytist, sem aftur hefur áhrif á samanburðarniðurstöður einstaklingsins.

Loks gæti verið að það kynni að gagnast innan heilbrigðiskerfisins að einstaklingar hefðu kost á að heimila að gögn þeirra úr Heilsugátt SÍBS yrðu afrituð inn í rafræna sjúkraskrá, Saga-kerfið,³⁷ sem notað er af flestum heilbrigðisstofnunum og heilsugæslustöðvum landsins. Einnig mætti skoða að tengja innskráningu í Heilsugátt SÍBS við vefinn heilsuvera.is, þannig að annað hvort opnast Heilsugáttin sjálf inni í Heilsuveru og/eða að upplýsingar úr Heilsugáttinni birtist þar.

Lokaorð

Framtíð SÍBS og verkefnisins Líf og heilsa er björt af þeirri einföldu ástæðu að fátt annað skiptir okkur máli en það sem heilsan leyfir okkur að njóta. Til lengri framtíðar má jafnvel færa að því rök að það eina sem hægt sé að fjárfesta nánast endalaust í almenningi til góðs, sé einmitt heilbrigði.

Við þurfum að hætta að hugsa um heilbrigðisþjónustu sem eins konar viðbragð eða viðgerð þegar eitthvað hefur bilað, heldur sem samhangandi ferli frá heilbrigði til sjúkdóms og til baka aftur. Þess vegna þarf heilsa einnig að koma til kasta annarra stofnana samfélagsins en aðeins heilbrigðisgeirans.

Jákvæð skref hafa verið stigin í verkefnum á borð við heilsuefandi leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og heilsuefandi samfélag, en þörf er á miklu meiri krafti í að ná til þess stóra hóps sem er kominn út úr skólakerfinu en er ekki kominn í markvisst starf sem beinist að öldruðum. Þarna er sannarlega þögli meirihlutinn á ferð, sá hinn sami og er árum og áratugum saman að þróa með sér langvinna sjúkdóma sem draga smám saman úr lífsgæðum og geta valdið ótímabærum dauða.

Heilsuhegðun er menningarlegt fyrirbæri. Hvernig við hegðum okkur gagnvart eigin heilsu þarf að verða jafn ígrundað og hvernig við hegðum okkur út á við í síðuðu samfélagi. Ábyrgðin á eigin heilsu liggur fyrst og fremst hjá okkur sjálfum. 🌟

Heimildir

- 1 <https://www.sibs.is/heilsugatt>
- 2 Masters R, Anwar E, Collins B, et al. Return on investment of public health interventions: a systematic review. *J Epidemiol Community Health*. 2017;71:827-834. <http://dx.doi.org/10.1136/jech-2016-208141>
- 3 Institute for Health Metrics and Evaluation (IHME). *GBD Compare Data Visualization*. Seattle, WA: IHME, University of Washington, 2018. <https://vizhub.healthdata.org/gbd-compare/>.
- 4 World Health Organization (WHO). *Metrics: Disability-Adjusted Life Year (DALY)*. World Health Organization (WHO), 2018. http://www.who.int/healthinfo/global_burden_disease/metrics_daly/en/.
- 5 Hagstofa Íslands. *Landsframléiðslan á mann 1980-2017*. Hagstofa Íslands, 2018. <https://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/thjodhagsreikningar/landsframléiðsla/>
- 6 Alþingi. *Frumvarp til fjárlaga 2019*. Alþingi 2019. <https://www.althingi.is/altext/pdf/149/s/0001.pdf>
- 7 OECD. *Health at a Glance 2017: OECD Indicators*. OECD Publishing, Paris, 2017. http://dx.doi.org/10.1787/health_glance-2017-en.
- 8 <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfoldi/danir-2017/>
- 9 <https://www.ons.gov.uk/peoplepopulationandcommunity/births-deathsandmarriages/lifeexpectancies/bulletins/nationallifetablesunited-kingdom/2015to2017>
- 10 Kochanek KD, Murphy SL, Xu JQ, Arias E. Mortality in the United States, 2016. NCHS Data Brief, no 293. Hyattsville, MD: National Center for Health Statistics. 2017.
- 11 OECD (2017), *Health at a Glance 2017: OECD Indicators*, OECD Publishing, Paris. http://dx.doi.org/10.1787/health_glance-2017-en
- 12 Nutbeam, Don. 1998. „Health promotion glossary.“ *Health Promotion International*, 13 (4): 349-364. doi:10.1093/heapro/13.4.349
- 13 Sigrún Gunnarsdóttir. 2002. „Að lesa í eigin heilbrigði – heilsulæsi“. *Morgunblaðið*, 23. nóvember 2002.
- 14 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2000106.html>
- 15 Velferðarráðuneytið. 2016. Lýðheilsustefna og aðgerðaráætlun sem stuðlar að heilsuefandi samfélagi. Velferðarráðuneytið.
- 16 <http://www.hal-si.org/>
- 17 <http://www.who.int/classifications/icf/en/>
- 18 <http://www.who.int/classifications/icd/en/>
- 19 <https://www.cdc.gov/nchs/nhanes/index.htm>
- 20 <https://www.europeansocialsurvey.org>
- 21 <http://gss.norc.oregon.edu/>
- 22 https://www.rand.org/health/surveys_tools/mos.html
- 23 <https://www.nhs.uk/oneyou/hay>
- 24 <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1066553&dsid=5832>
- 25 <https://ec.europa.eu/eurostat/web/microdata/european-health-interview-survey>
- 26 <https://www.landlaeknir.is/tolfraedi-og-rannsnoknir/rannsnoknir/heilsa-og-lidan-islendinga/>
- 27 Bohn, MJ; Babor, TF; Kranzler, HR (July 1995). „The Alcohol Use Disorders Identification Test (AUDIT): validation of a screening instrument for use in medical settings“. *Journal of studies on alcohol*. 56 (4): 423–32. doi:10.15288/jsa.1995.56.423. PMID 7674678.
- 28 <https://www.phqscreener.com>
- 29 <http://www.psy.cmu.edu/~scohen/PSS.html>
- 30 <http://labs.psychology.illinois.edu/~ediener/SWLS.html>
- 31 Hays, Ronald & Robin DiMatteo, M. (1987). A Short-Form Measure of Loneliness. *Journal of personality assessment*. 51. 69-81. 10.1207/s15327752jpa5101_6.
- 32 <https://www.qps-nordic.org>
- 33 <https://www.cdc.gov/diabetes/prevention/lifestyle-program/curriculum.html>
- 34 <https://www.cdc.gov/>
- 35 <http://frae.is/wp-content/uploads/2018/06/L%C3%ADf-og-heilsa-n%C3%AAlmskr%C3%AAl-%C3%BAItit-%C3%BAIt-2018-I.pdf>
- 36 <https://www.erasmusplus.is/um/frettir/uthlutun-styrkja-i-flokk-i-fjoltjod-legra-samstarfsverkefna-erasmus-arid-201>
- 37 <https://www.erasmusplus.is/um/frettir/uthlutun-styrkja-i-flokk-i-fjoltjod-legra-samstarfsverkefna-erasmus-arid-201>



Ljósm. PKP

Sjúklingurinn í öndvegi

**Páll Kristinn Pálsson ræðir við Ölmú Dagbjörtu Möller,
sem skipuð var í embætti landlæknis 1. apríl síðastliðinn,
um starfið og helstu áherslur í heilbrigðiskerfinu.**

„Ég hef alltaf haft gaman af að breyta til í starfi, en fór hins vegar ekkert að hugsa um þetta starf fyrr en um ári áður en það var auglýst, vegna þess að fólk fór þá að nefna við mig hvort ég vildi ekki sækja um það þegar Birgir Jakobsson léti af störfum,“ segir Alma Dagbjört spurð um aðdraganda þess að hún sótti um að gegna embætti landlæknis. „Svo þegar að því kom sló ég til og sendi inn umsókn. Ég hafði lengi verið á Landsspítalanum og fannst bara spennandi að fara eitthvað annað. Ég vann þar mikið við stjórnun og í afar víðtæku starfi þannig að ég þekkti mjög vel til flestra hluta þar.“

Kom þér þá ekkert á óvart þegar þú tókst við stöðunni?

„Nei, ég held bara ekki. Ég hafði haft talsverð samskipti við embættið í mínum fyrri störfum, sérstaklega sem framkvæmdastjóri, og svo eru öll helstu verkefni tilgreind í lögum um landlæknisembættið þannig að það er ekkert sem hefur komið mér mikið á óvart. Nema kannski hvað starfið er enn fjölbreyttara en ég hélt. Í stórum dráttum gengur starfið út á að vera ráðgefandi fyrir bæði stjórnvöld og almenning. Sumt er gert að beiðni stjórnvalda og um annað höfum við frumkvæði. Svo eru lýðheilsuáætlunir, þar sem við vinnum með sveitarfélögunum að átaki sem nefnist *Heilsueflandi samfélag*. Síðan höfum við eftirlit bæði með stofnunum og einstaklingum, þar eru auðvitað oft mjög flókin mál á ferðinni, og undir það fellur gæðapróun. Einnig veitum við starfsleyfi, við erum með 33 skilgreindar heilbrigðisstéttir og veitum þeim starfsleyfi. Loks söfnum við víðtækum heilbrigðisupplýsingum sem notaðar eru á margvíslegan hátt, m.a. í eftirliti og stefnumótun. Þetta eru meginastólarnir í starfinu, en síðan er allt mögulegt annað sem kemur inn á mitt borð.“

Er landlæknisembættið valdastaða? „Ég lít ekki þannig á það. Við erum undir velferðarráðuneytinu og vinnum eftir þeim línunum sem þar eru lagðar. Það mætti kannski líta svo á að einhver völd felist í því að við getum veitt eða hafnað aðilum um starfsleyfi og rekstrarleyfi. Við getum einnig tekið leyfi af einstaklingum ef þeir standa sig ekki í starfi og lokað stofnunum ef þær standa sig ekki í veitingu heilbrigðisþjónustu.“

